



14. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 1.mars 2019 í Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Gunnar Gunnarsson (GG), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Lárus B. Lárusson (LBL), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Gunnar Þór Gestsson (GÞG), Helga Jóhannesdóttir (HeJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (Alb) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuð: Hrönn Jónsdóttir (HrJ).

1. Fundur settur kl. 15:05.

2. Umsóknir ULM 2021 og 2022.

Kynningar frá umsækjendum:

- HSV – 2021 / 2022 kl. 15:15 – 15:45
 - Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri HSV kynnti umsóknina, ásamt Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar og Jóni Páli Hreinssyni, bæjarstjóra Bolungarvíkurkaupstaðar, sem voru á fjarfundi.
- UMSB – 2021 / 2022 kl. 16:15 – 16:45
 - Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri UMSB og Gunnlaugur Júlíusson, sveitarstjóri Borgarbyggðar kynntu umsóknina.
- UMSS – 2021 / 2022 kl. 17:15 – 17:45
 - Þorvaldur Gröndal, ritari UMSS og frístundastjóri sveitarfélagsins Skagafjarðar, kynnti umsóknina.
- UFA – 2022
 - UFA gerði sér ekki grein fyrir að þeim stæði til boða að kynna umsókn sína á fundi með stjórn UMFÍ. Ákveðið að bjóða UMFA að senda fulltrúa á næsta stjórnarfund UMFÍ.
 - HV og GÞG véku af fundi undir umræðum.

RH kom á fundinn kl.15:30.

HeJ kom á fundinn kl.15:50.

ÖG gerði grein fyrir starfi vinnuhóps sem farið hefur yfir umsóknirnar.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar, þar sem farið verður yfir reglugerð ULM og samninga við mótshaldara.

GS lagði til að UMFÍ taki þátt í ferðakostnaði ofangreindra sambandsaðila í samræmi við umræður á síðasta stjórnarfundum. Samþykkt.

3. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.

- Minnisblað lagt fram.

4. Fjármál, frá fjárhags- og fasteignanefnd.

- Erindi um endurfjármögnun fasteignaláns lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjórn falið að koma með tillögur fyrir næsta stjórnarfund.

5. Landsmótið 2020. Næstu landsmót UMFÍ 50+, 2021 og 2022.

- Fyrirkomulag og staðsetning Landsmótsins rædd.
- Ákveðið að auglýsa eftir mótshaldara fyrir Landsmót UMFÍ 50+, 2021 með umsóknarfrest til 15. maí.

6. Laugarvatn, Bláskógabyggð / Laugar, Dalabyggð.

- Samningur við Bláskógabyggð kynntur og samþykktur samhljóða, með fyrirvara um yfirlestur lögfræðings. Stjórn UMFÍ lýsir ánægju með samninginn og þakkar Bláskógabyggð fyrir einkar ánægjuleg samskipti við samningsgerðina. Framkvæmdastjóra falið að ganga endanlega frá samningnum. Formaður mun undirrita samning fyrir hönd UMFÍ. Fyrirhuguð undirritun 7. mars á Laugarvatni.

7. Erlend samskipti, frá framtíðarnefnd.

- Minnisblað lagt fram og kynnt. Nefndinni falið að halda áfram með málið og koma með frekari útfærslur til stjórnar.

HeJ yfirgaf fund kl. 21:10.

8. Frá vinnuhópi um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ.

- GS gerði grein fyrir vinnu hópsins. Miklar umræður um málið. Samþykkt að stjórnarmenn vinni áfram að málinu undir forystu GS, milli funda og drög að kynningarefni liggi fyrir á næsta stjórnarfundum.

9. Ársþing / aðalfundir sambandsaðila.

- Farið yfir lista yfir ársþing sem eru framundan.

10. Bréf sem borist hafa.

- Bréf frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu varðandi áfrýjun á niðurstöðu Einkaleyfastofu um Landssamband ungmennafélaga lagt fram.

11. Önnur mál.

- Guðmundur Árnason frá Greiðslumiðlun kynnti nýjungar í NÓRA í tengslum við samning við UMFÍ.
- Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði á Laugarvatni.
- Aðalfundur NSU verður haldinn í Kaupmannahöfn 23. mars. Framkvæmdastjóra og GG falið að finna fulltrúa UMFÍ á fundinn með Kolbrúnu Láru Kjartansdóttur, fulltrúa UMFÍ í stjórn NSU.
- Ferð sambandsaðila til Danmerkur til að heimsækja ISCA og DGI 23.- 26. maí. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá ferðatilhögun og kynna meðal sambandsaðila.
- Sambandsþing tíma- og dagsetningu varðandi gistingu. Stefnt að því að hefja þing á föstudagskvöldi og ljúka þingstörfum á laugardegi.
- Erindisbréf nefnda: LBL lagði til að þau séu birt á heimasíðu UMFÍ. Samþykkt.
- Gullmerki UMFÍ: Samþykkt að veita gullmerki.
- Almenningsíþróttaverkefni: ÖG ræddi um að endurvekja gönguverkefni UMFÍ og almenningsíþróttaverkefni sem er í gangi í Danmörku. Verður kynnt nánar á næsta stjórnarfundum.

SÓJ ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 23:10.